



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)



Samantekt, **maí 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, [www.sfk.is](http://www.sfk.is)

*Húshitunarmál á Seyðisfirði* - starfshópur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins kom í vettvangsferð til Seyðisfjarðar vegna stöðu húshitunarmála á Seyðisfirði í ljósi fyrirhugaðrar lokunar RARIK ohf. á fjarvarmaveitunni.

Aðfarnótt 12. maí var gengið *úr myrkrinu í ljósið*, í samvinnu við Píeta Ísland. Markmiðið með göngunni er að minnast þeirra sem tekið hafa sitt eigið líf, að gefa von og að hvetja til opinnar umræðu um sjálfsvígshættuna. **Verkefnið er komið til að vera - á Seyðisfirði.**

Seyðfirðingar komu saman 5. maí til að hreinsa fallega bæinn sinn. Frábær mæting var í góðu veðri. Farið var út um allan bæ, ásamt því að farið var út með firði og inn með Fjarðará.

Rekstraraðilar Herðubreiðar, Sesselja Hlín Jónasardóttir og Celia Harrison, sendu frá sér fréttabréf varðandi *félagsheimilið Herðubreið*. Bréfið má sjá hér <https://www.sfk.is/is/mannlif/frettir/felagsheimilid-herdubreid>

Skaftfell býður upp á *skapandi sumarnámskeið* fyrir börn, bæði í júní og aftur í ágúst.

*Hjúkrunarheimilið Fossahlíð* auglýsti eftir sjálfboðaliðum til að heimsækja íbúa á Fossahlíð. Áhugasamir mega hafa samband við Jóhönnu í síma 863-9334 eða Sigurveigu í síma 862-3160.

*Fornleifar á Vestdalseyri* - drög að skýrslu liggja á bæjarskrifstofu og gefst fólki kostur á að lesa drögin og koma með athugasemdir/viðbætur. Frestur til að senda inn athugasemdir/viðbætur er til 1. júlí 2018.

Niðurstaða *sveitarstjórnarkosninga á Seyðisfirði* voru eftirfarandi  
Seyðisfjarðarlistinn (L) fékk 235 atkvæði og fjóra bæjarfulltrúa,  
Sjálfstæðisfélagið Skjöldur (D) fékk 136 atkvæði og tvo bæjarfulltrúa og  
Framsóknarfélag Seyðisfjarðar og frjálslyndra (B) fékk 70 atkvæði og 1  
bæjarfulltrúa. Á kjörskrá voru 520 manns.

Í lok maí var *Hreyfivika 2018* sett af stað. Verkefnið er liður í stærra verkefni UMFÍ, sem er aftur liður í evrópskri lýðheilsuherferð margra landa undir nafninu Now we move. UMFÍ hefur sjö sinnum tekið þátt í hreyfiviku og Seyðisfjörður hefur verið með síðan árið 2014.

## **Sveitarstjórnarmál**

### **Nýsköpunarverðlaun ríkis og sveitarfélaga**

Á fundi bæjarstjórnar þann 14. maí samþykkti bæjarstjórn samhljóða að tilnefna sameiningu skólastofnananna á Seyðisfirði til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2018.

### **Ársreikningur 2017**

Bæjarstjórn samþykkti og áritaði ársreikning fyrir árið 2017 á fundi sínum 14 maí s.l. Nánar hér. ([linkur í frétt frá 14.05.17](#)).

## **Stefnumótun Seyðisfjarðarkaupstaðar**

Fyrir fundi bæjarstjórnar þann 14. maí síðastliðinn lá bráðabirgðaskýrsla um stefnumótun Seyðisfjarðarkaupstaðar sem unnin var af Dagnýju Erlu

Ómarsdóttur. Bæjarstjórn samþykkti að vísa skýrslunni til nýrrar bæjarstjórnar til umfjöllunar og innleiðingar eftir atvikum. Jafnframt vakti bæjarstjórn athygli á að skýrslan getur gagnast við endurskoðun aðalskipulags

Seyðisfjarðarkaupstaðar sem skylt er að fram fari að afloknum kosningum.

## **Fornleifar á Vestdalseyri**

Skýrslan Fornleifar á Vestdalseyri hefur verið birt á vef kaupstaðarins og óskað eftir athugasemdum ábendingum og/eða umsögnum til 20. júní 2018.

## **Uppbygging stígs að Búðararfossi**

Í ár fékkst framlag frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar stígs að Búðararfossi. Fossinn er fjölsóttur og mikil umferð um stíginn, sem hefur látið verulega á sjá auk þess sem öryggis er áfátt á bröttustu köflunum. Landslagsarkitekt hjá Landmótun vinnur að hönnun stígsins.